



Leigufélagið Bríet

Leigufélagið Bríet ehf.

Kynning Sveitarfélög

Soffía Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri





Saga Bríetar



Leigufélagið Bríet stofnað



Á stjórnarfundum Íbúðalánasjóðs þann 12. desember 2018 var samþykkt að stofna leigufélag

Lagt var til að leigufélagið fengi nafnið Bríet eða Leigufélagið Bríet ehf.

Bríet hóf formlega starfsemi 1. mars 2019

Fyrsta stjórn Bríetar tók við 2. apríl 2019 en núverandi stjórn tók við í maí 2020



Stjórn Bríetar



Ólafur Sveinsson, formaður

Ásta Björg Pálmadóttir, varaformaður

Elín Oddný Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Björn Gíslason, meðstjórnandi

Sigurjón Jónsson, meðstjórnandi

Mannauður



Hjá Leigufélaginu starfa 6 starfsmenn

Soffía Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Harpa Ingólfisdóttir Gígja, fjármálastjóri

Bergdís Margrétardóttir, eignaumsýsla

Kristján Gestsson, verkefnastjóri í viðhaldi

Rósa Pétursdóttir, eignaumsýsla

Ágúst Kr. Björnsson, umsjón og viðhald

Hlutverk mannauðs Bríetar er að:

Stuðla að sjálfbærum rekstri félagsins meðal annars með skilvirkum ferlum og lágmörkun sóunar að leiðarljósi.

Starfa af heilindum í þágu almannaheilla. Stýra félaginu til áframhaldandi vaxtar og viðhalds.

Starfsmenn séu lausnamiðaðir og jákvæðir í úrlausnum mála leigjenda.

Vinna í samstarfi við sveitarfélögin ásamt öðrum hagsmunaaðilum.



Fyrstu skrefin af hverju leigufélag?

Íbúðalánasjóður átti um 300 eignir um land allt.

Mat var lagt á hvort selja ætti eignirnar eða hvort það ætti að leigja þær áfram út.

Við mat kom í ljós að víðsvegar á landsbyggðinni ríkti skortur á viðunandi íbúðarhúsnæði til eignar eða leigu. Fólk er að flytjast í auknum mæli á landsbyggðina en staðreyndin er sú að nánast öll uppbygging á nýju húsnæði og leiguhúsnæði frá árinu 2009 hefur verið á höfuðborgarsvæðinu.

Í greiningum kom fram að húsnæðismarkaður á landsbyggðinni væri ótryggur og taka þyrfti skref í að gera hann að öruggum valkosti.

Að stofna leigufélag utan um eignir íbúðalánasjóð myndi ýta undir stöðugleika og öryggi á landsbyggðinni enda var stór hluti eignanna í leigu.

Bríet er stofnað að norrænni fyrirmynd.

Hlutverk og tilgangur Bríetar



Markmið leigufélagsins Bríetar er að stuðla að auknu húsnæðisöryggi á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Bríeti er ætlað að stuðla að uppbyggingu á heilbrigðum leigumarkaði á landsbyggðinni og rjúfa þá stöðnun sem ríkt hefur á húsnæðismarkaði víða um land.

Leigufélagið starfar í þágu almannaheilla samkvæmt markmiðum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun setur.

Rekstur Leigufélagsins Bríetar ehf. skal vera sjálfbær. Ekki er gerð arðsemiskrafa til eigin fjár Bríetar til að félagið geti sem best starfað í þágu almannaheilla og uppbyggingar leigumarkaðar á landsbyggðinni.

Verði rekstrarafgangur skal hann notaður til vaxtar eða viðhalds félagsins eða til niðurgreiðslu lána. Arð eða ígildi hans er ekki heimilt að greiða út heldur skal varið til framkvæmda í samræmi við markmið félagsins.

Kjarnastarfsemi Bríetar



Kjarnastarfsemi Bríetar ehf. er að eiga, reka og leigja út íbúðarhúsnæði til langs tíma. Rekstur, viðhald, kaup, sala og uppbygging á íbúðarhúsnæði sem styður við og styrkir leigufélagið.

Kostnaður og tekjur vegna slíkra verkefna skulu lagðar til samþykktar fyrir stjórn Bríetar ásamt hefðbundinni rekstraráætlun, þó þannig að ekki er gerð arðsemiskrafa til eigin fjár.

Leigufélagið Bríet ehf. skal leggja áherslu á að koma að uppbyggingu leigumarkaðs á landsbyggðinni meðal annars með þátttöku í tilraunaverkefnum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, vinnu í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila til að stuðla að virkum leigumarkaði.



Lykiltölur




Eignasafn Bríetar



Bríet á í dag 211 eignir í 38 sveitarfélögum eða öllum landshlutum.

Í leigu eru 190 eignir, auðar eignir í ferli eru 5 og í sölu eru 16 eignir.

Eignirnar eru af öllum gerðum



Lykiltölur úr rekstri Bríetar



Eignasafn Bríetar var metið á 6,2 milljarða um síðustu áramót

Fasteignamat fasteigna og lóða félagsins nam 7,6 milljörðum um síðustu áramót

Bríet er fjármagnað með skuldabréfi upp á 4,9 milljarða og 2,1 milljarða hlutafé

Tekjur félagsins af útleigu eigna er um 33 milljónir á mánuði

Hagnaður ársins 2019 var tæpar 250 milljónir og skýrist helst af gangvirðisbreytingum fjárfestingaeigna

Framtíðaráætlun og sýn Bríetar



Leggja áherslu á að stofnum til skipulags samstarfs við sveitarfélög þar sem farið er yfir greiningu og þörf ásamt þeirri uppbyggingu sem er framundan. Vinna skipulega og faglega saman og styðja þau í uppbyggingu betra samfélags og atvinnuvegar.

Taka fyrstu skerf í að stuðla að styrkingu og markvissri uppbygginu leigumarkaðar á landsbyggðinni. Með því verður Bríet mikilvægur hlekkur í að tryggja húsnæðisöryggi á landsbyggðinni.

Vinum markvisst að uppbyggingu á eignasafni Bríetar með það að leiðarljósi að styrkja Bríeti enn frekar.

Byggja upp leigufélag sem er raunverulegur kostur, styður við, eykur val og styrkir húsnæðisöryggi á landsbyggðinni.



Samvinna við sveitarfélögin

Drangsnes fyrsta verkefni Bríetar



Leigufélagið Bríet undirritaði á dögnum kaup á nýbyggingu í Drangsnesi í Kaldrananeshreppi.

Íbúðirnar eru parhús og eru báðar eignirnar fjögurra herbergja eða 94,3 m² hvor.

Parhúsið er timburhús á einni hæð sem byggt er á steiptum undirstöðum.

Eignirnar eru hvorar um sig mjög hagkvæmar og falla vel að rekstri leigufélagsins.



Drangsnes fyrsta verkefni Bríetar



Sveitarfélagið fór af af stað með skipulag, greiningar, teikningar og svo framkvæmdina sjálfa.

Húsnæðisáætlun gaf til kynna að þörf var á auknu húsnæði miðað við spá um íbúafjölgun og uppsafnaða þörf.

Sveitarfélagið og Bríet tóku upp samtali um möguleika á samstarfi og aðkomu Bríetar að uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Samþykkt var af stjórn Bríetar eftir mat á verkefninu að kaupa tvær eignir á Drangsnesi.



Drangsnes fyrsta verkefni Bríetar



Verkefnið styður vel við tilgang Bríetar sem er að koma að uppbyggingu leigumarkaðar á landsbyggðinni og með því vera mikilvægt verkfæri í að rjúfa þá stöðnun sem ríkt hefur á húsnæðismarkaði víða um land.

Með framkvæmdum eins og þessum þá stuðlar Bríet að því að auka húsnæðisöryggi á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarfélög.

Bríet fagnar þessum fyrsta áfanga í uppbyggingu og styrkingu leigumarkaðsins á landsbyggðinni og vonar eftir fleiri tækifærum til að eiga samstarfs við sveitarfélögin.





Takk fyrir

